



BYGGÐASTOFNUN

Byggðastofnun

Árshlutareikningur janúar - júní 2020

Sauðarmýri 2
550 Sauðárkrókur

Kt. 450679-0389

Efnisyfirlit

Skýrsla stjórnar Byggðastofnunar og forstjóra.....	1
Könnunaráritun óháðs endurskoðanda.....	6
Rekstrarreikningur.....	7
Efnahagsreikningur.....	8
Sjóðstreymi.....	9
Skýringar.....	10

Skýrsla stjórnar Byggðastofnunar og forstjóra

Hlutverk

Um stofnunina gilda lög um Byggðastofnun nr. 106/1999 og reglugerð nr. 347/2000. Hlutverk Byggðastofnunar er að efla byggð og atvinnulíf með sérstakri áherslu á jöfnun tækifæra allra landsmanna til atvinnu og búsetu. Í samræmi við hlutverk sitt undirbýr, skipuleggur og fjármagnar stofnunin verkefni og veitir lán með það að markmiði að treysta byggð, efla atvinnu og stuðla að nýsköpun í atvinnulífi. Stofnunin skipuleggur og vinnur að atvinnuráðgjöf í samstarfi við atvinnuþróunarfélög, sveitarfélög og aðra haghafa. Byggðastofnun fylgist með þróun byggðar í landinu, m.a. með gagnasöfnun og rannsóknum. Stofnunin getur gert eða látið gera áætlanir um þróun byggðar og atvinnulífs í þeim tilgangi að treysta búsetu og atvinnu í byggðum landsins.

Rekstur tímabilið janúar - júní 2020

Samkvæmt rekstrarreikningi nam tap af rekstri stofnunarinnar 76,9 milljónum króna á tímabilinu en til samanburðar var 24,7 milljóna króna hagnaður á sama tímabili 2019. Eigið fé í lok júní 2020 samkvæmt efnahagsreikningi var 3.139 milljónir króna. Eiginfjárlutfall samkvæmt lögum um fjármálafyrirtæki var 20,0% en var 19,25% í lok árs 2019.

Efnahagur stofnunarinnar nam í lok júní 18.852 milljónum króna og hefur hækkað um 2.376 milljónir króna frá áramótum. Stærsti einstaki liðurinn á eignahlið efnahagsreiknings eru útlán til viðskiptavina og námu þau 15.796 milljónum króna og höfðu hækkað um 1.945 milljónir króna frá áramótum. Handbært fé í lok júní nam 634 milljónum króna, en var 475 milljónir króna í árslok 2019. Lántökur námu 15.276 milljónum króna og höfðu hækkað um 2.262 milljónir króna á tímabilinu. Ný útlán á árinu námu 1.756 milljónum króna á móti 1.169 milljónum króna á sama tímabili 2019.

Samkvæmt 84. gr. laga nr. 161/2002 um fjármálafyrirtæki skal eiginfjárgrunnur í heild nema að lágmarki 8% af áhættugrunni, en í lok júní var eiginfjárlutfall stofnunarinnar eins og að ofan greinir 20,00%. Fjármálaeftirlit Seðlabanka Íslands (Sí) hefur ákveðið í samræmi við heimildir sínar, samkvæmt 1. og 2. mgr. 86. gr. d laga um fjármálafyrirtæki, sveiflujöfnunarauka fyrir stofnunina auk verndunarauka skv. 86 gr. e sömu laga. Samanlögð krafa um eiginfjárauka er 2,50%. Skv. ákvörðun Sí skal Byggðastofnun viðhalda 2,5% verndunarauka frá og með 19. mars 2020. Samanlögð eiginfjárfkrafa verður því frá þeim tíma 10,50%

Frá og með 1. janúar 2020 gilda á Íslandi ákvæði 501. gr. reglugerðar (ESB) nr. 575/2013, sem kveður á um svonefndan afslátt vegna áhættuskuldbindinga lítilla og meðalstórra fyrirtækja (e. SME factor), sbr. 3. mgr. 92. gr. reglugerðar nr. 233/2017. Án afsláttarins hefði eiginfjárlutfallið verið 16,98%

Í byrjun janúar 2019 óskaði Framkvæmdasýsla ríkisins fyrir hönd Byggðastofnunar eftir tilboðum í byggingu á nýrri skrifstofubyggingu fyrir stofnunina að Sauðármýri 2 á Sauðárkróki. Framkvæmdum er nú lokið og flutti stofnunin inn í húsið í júlí mánuði 2020.

Á fundi stjórnar 22. maí 2020 samþykkti stjórn reglur um fjárstýringu Byggðastofnunar þar sem kveðið er á um stefnur og heimildir í fjárstýringu stofnunarinnar.

Samþykkt var á fundi stjórnar 22. maí 2020 að heimila forstjóra að skrifa undir samning um aðild Byggðastofnunar að ábyrgðakerfi Evrópska fjárfestingabankans (EIF), eða svokölluðu COSME verkefni. COSME hefur það hlutverk að auka aðgengi fjármagns til aðila innan Evrópusambandsins og EFTA sem með einum eða öðrum hætti standa höllum fæti og eiga erfitt um vik með að nálgast fjármagn á opnum markaði. Þetta er gert í formi ábyrgða til lánveitenda sem þar með draga úr áhættu þeirra við lánveitingar til þessara aðila.

Á sama fundi voru samþykkti nýir lánaflakkar og breytingar á lánaflakki vegna lána sem veitt verða innan ábyrgðarkerfis EIF.

Skýrsla stjórnar Byggðastofnunar og forstjóra

Áhrif COVID-19 á rekstur og efnahag Byggðastofnunar

Áhrif COVID-19 á rekstur Byggðastofnunar hafa að mestu komið fram í fjölda beiðna um frestun greiðslna á lánum viðskiptavina hennar. Stofnunin er þátttakandi í samkomulagi viðskiptabanka, lánastofnana og lífeyrissjóða um tímabundna greiðslufresti á lánum fyrirtækja vegna heimsfaraldurs COVID-19 og gildir það til 30. september 2020. Það felur í sér að greiðslufrestir vegna áhrifa COVID-19 verði veittir til áramóta að hámarki.

Á tímabilinu janúar – júní voru skráðar 96 beiðnir um greiðslufresti vegna áhrifa COVID-19. Kemur langmestur fjöldi þeirra frá aðilum í ferðaþjónustu og öðrum þjónustuaðilum. Ljóst er að áhrifin eru enn að koma fram og mun áfram hafa áhrif á sjóðstreymi stofnunarinnar. Stjórnvöld og Seðlabankinn hafa komið fram með fjölmargar aðgerðir til að vinna gegn neikvæðum efnahagslegum áhrifum faraldursins en mikil óvissa er enn um þróun faraldursins og hvenær verður endanlega hægt að létta af öllum takmörkunum sem til komnar eru vegna hans. Nánar er fjallað um þetta í skýringu 21.

Stjórnarhættir

Málefni byggðamála, og þar á meðal Byggðastofnun heyra undir samgöngu- og sveitarstjórnarráðuneytið.

Skv. 3. gr. laga um Byggðastofnun skipar ráðherra á ársfundi sjö menn í stjórn Byggðastofnunar til eins árs í senn og sjö menn til vara. Á ársfundi stofnunarinnar 16. apríl 2020 skipaði samgöngu- og sveitarstjórnarráðherra nýja stjórn sem sitja skal fram að næsta ársfundi en þó ekki lengur en til 1. júlí 2021. Í stjórnina voru skipuð Magnús Björn Jónsson stjórnarformaður, Halldóra Kristín Hauksdóttir varaformaður, Gunnar Þorgeirsson, Karl Björnsson, María Hjálmarsdóttir, Sigríður Jóhannesdóttir og Unnar Hermannsson. Á sama tíma voru sjö varamenn skipaðir, þau Bergur Elías Ágústsson, Herdís Þórðardóttir, Þórey Edda Elísdóttir, Lilja Björg Ágústsdóttir, Anna Guðrún Björnsdóttir, Friðjón Einarsson og Heiðbrá Ólafsdóttir. Þann 11. ágúst 2020 sagði Unnar Hermannsson sig frá setu í stjórn. Ráðherra skipar formann og varaformann og ákveður þóknun stjórnar. Sí metur hæfi stjórnarmanna skv. 52. gr. laga um fjármálafyrirtæki.

Á tímabilinu janúar til júní 2020 hélt stjórn Byggðastofnunar 9 stjórnarfundi. Fundir eru almennt haldnir á skrifstofu stofnunarinnar á Sauðárkróki, en vegna áhrifa COVID-19 hélt stjórn marga fundi í gegnum fjarfundarbúnað. Eru fundargerðir stjórnar birtar á heimasíðu stofnunarinnar. Hlutfall karla og kvenna í stjórn er jafnt.

Á fundi stjórnar í maí 2020 samþykkti stjórn Byggðastofnunar stjórnarháttaryfirlýsingu Byggðastofnunar og er hún birt á heimasíðu stofnunarinnar byggðastofnun.is.

Í 4. gr. laga um Byggðastofnun er nánar kveðið á um verkefni stjórnar. Stjórn hefur sett sér reglur um störf sín og voru þær síðast endurskoðaðar 26. febrúar 2020.

Stjórn Byggðastofnunar leitast við að viðhalda góðum stjórnunarháttum og hefur sett sér reglur um störf stjórnar auk siðareglna fyrir starfsfólk og stjórn. Þá hafa verið settar starfsreglur fyrir endurskoðunarnefnd og stjórn hefur skilgreint hlutverk regluvarðar. Hjá stofnuninni starfar lánanefnd sem fjallar um allar lánsúmsóknir, sölu fullnustueigna auk þess að gera tillögu til stjórnar um sölu hlutabréfa og afgreiðslu lánamála yfir sínum heimildamörkum. Þá eru til staðar hjá stofnuninni aflamarksnefnd, áhættumatsnefnd, og öryggisnefnd sem settar hafa verið verklagsreglur um. Verklagsreglur um útlánastarfsemi, fjármála- og eignauskýslu hafa verið uppfærðar reglulega og í þeim er m.a. kveðið á um heimildir lánanefndar.

Í umboði stjórnar starfar endurskoðunarnefnd sem hefur lögbundið eftirlitshlutverk með endurskoðun stofnunarinnar. Endurskoðunarnefnd skal aðstoða stjórn við að uppfylla skyldur sínar með því að starfa sem óháður og hlutlægur aðili sem hefur eftirlit með reikningsskilafærli stofnunarinnar og innra eftirliti hennar ásamt störfum ytri og innri endurskoðenda stofnunarinnar eins og nánar er tilgreint í verklagsreglum hennar og í samræmi við 108. gr. b. laga nr. 3/2006 um ársreikninga. Stjórn Byggðastofnunar staðfesti nýjar reglur um störf endurskoðunarnefndar Byggðastofnunar á fundi 22. maí 2020.

Stjórn ber ábyrgð á skipun endurskoðunarnefndar og skal nefndin svara beint til stjórnar. Hún skal skipuð þremur aðilum eigi síðar en mánuði eftir aðalfund. Nefndarmenn skulu vera óháðir endurskoðanda eða endurskoðendum Byggðastofnunar og meirihluti nefndarmanna skal jafnframt vera óháður Byggðastofnun. Á fundi stjórnar 22. maí 2020 voru Ragna Hjartardóttir, Sigríður Jóhannesdóttir og Kristbjörg Kristbergsdóttir skipuð í endurskoðunarnefnd Byggðastofnunar til eins árs og Halldóra Kristín Hauksdóttir til vara.

Skýrsla stjórnar Byggðastofnunar og forstjóra

Stjórn skipar regluvörð samkvæmt erindisbréfi og kemur regluvörður að lágmarki einu sinni á ári fyrir stjórn og kynnir skýrslu um þau málefni sem undir starfssvið hans heyra. Þá hefur stjórn einnig skipað persónuverndarfulltrúa skv. erindisbréfi.

Ríkisendurskoðun ber ábyrgð á endurskoðun Byggðastofnunar skv. 4. gr. laga um Ríkisendurskoðun og endurskoðun ríkisreikninga nr. 46/2016. Ríkisendurskoðun fól PricewaterhouseCoopers ehf. í kjölfar útboðs að sjá um endurskoðun á ársreikningi Byggðastofnunar í umboði sínu rekstrarárin 2018-2024.

Byggðastofnun er undanþegin rekstri á innri endurskoðunardeild skv. ákvörðun Fjármálaeftirlitsins frá árinu 2012. Árið 2016, í kjölfar útboðs, samdi Byggðastofnun við KPMG um að sjá um innri endurskoðun Byggðastofnunar á árunum 2016-2020.

Verkefni forstjóra eru nánar tilgreind í 5. gr. laga um Byggðastofnun og í erindisbréfi ráðherra.

Stofnunin skiptist í fjögur svið, fyrirtækjasvið, lögræðisvið, rekstrarsvið og þróunarsvið. Fjöldi starfsmanna í lok júní var 25 í jafn mörgum stöðugildum.

Áhættustýring

Skv. niðurstöðu Fjármálaeftirlitsins frá árinu 2015 er Byggðastofnun undanþegin starfrækslu áhættunefndar sbr. 5 mgr. 78 gr. laga nr. 161/2002 um fjármálafyrirtæki. Vegna þessarar undanþágu þá hvíla starfsskyldur áhættunefndar sem mælt er fyrir um á stjórn Byggðastofnunar.

Á árinu 2015 var í fyrsta skipti staðfest áhættustefna af stjórn Byggðastofnunar og er hún endurskoðuð árlega, nú síðast í október 2019, en stjórn Byggðastofnunar ber ábyrgð á áhættustýringu stofnunarinnar. Skv. 11. gr. laga um Byggðastofnun skal fjárhagslegt markmið lánastarfsemi stofnunarinnar vera að varðveita eigið fé að raungildi og hefur hún því takmarkaðan áhættuvilja, en stjórn stofnunarinnar ákveður viðunandi áhættu. Fjórum sinnum á ári fær stjórn stofnunarinnar upplýsingar um stöðu helstu áhættuþátta og framkvæmd áhættustýringar.

Áhættustýring og virkt innra eftirlit er ein af meginstoðum ábyrgs reksturs stofnunarinnar. Byggðastofnun hefur skilgreint helstu áhættuþætti í rekstri sínum. Þeir eru útlánaáhætta, samþjöppunaráhætta, markaðsáhætta, gengisáhætta, vaxtaáhætta, uppgreiðsluáhætta, verðbólguáhætta, lausafjáraáhætta, útstreymisáhætta, seljanleikaáhætta, rekstraráhætta, upplýsingatækniáhætta, pólitísk og lagaleg áhætta, orðsporsáhætta og starfsmannaáhætta.

Virkt innra eftirlit er hjá stofnuninni og hafa flestir ferlar verið skráðir niður. Þessir ferlar og áhættuþættir eru metnir reglulega. Hafa úttektir sýnt fram á að skilgreindar eftirlitsaðgerðir eru virkar.

Í samræmi við 17. grein laga nr. 161/2002 um fjármálafyrirtæki hefur verið skipaður sérstakur umsjónarmaður áhættustýringar hjá Byggðastofnun og gilda um störf hans reglur um umsjónarmann áhættustýringar sem samþykktar voru af stjórn í janúar 2017. Hefur umsjónarmaður áhættustýringar beinan og milliliðalausan aðgang að stjórn Byggðastofnunar og flytur skýrslu um þau málefni sem undir starfssvið hans heyra einu sinni á ári auk þess að leggja fyrir stjórn ársfjórðungslega áhættuskýrslu.

Fjármögnun

Á tímabilinu var gengið frá lántöku hjá Endurlánum ríkissjóðs upp á 2.500 milljónir króna. Voru það lán í krónum og evrum með lánstíma til 5-15 ár. Nánar er fjallað um lántökur í skýringu 17 í árshlutareikningnum. Var lántakan byggð á lántökuheimild Fjárlaga 2019. Í júní samþykkti svo stjórn Byggðastofnunar lántöku hjá Endurlánum ríkissjóðs upp á 2.500 m.kr. og 750 m.kr. til endurfjármögnunar óhagstæðari lána. Verður lántakan nýtt á seinni hluta ársins 2020.

Skýrsla stjórnar Byggðastofnunar og forstjóra

Ófjárhagsleg upplýsingagjöf samkvæmt 66. gr. d í lögum um ársreikninga

Byggðastofnun telst til eininga tengdum almannahagsmunum eins og hugtakið er skilgreint í lögum um ársreikninga nr. 3/2006, með síðari breytingum. Meginhlutverk stofnunarinnar er að tryggja lánsframboð á byggðalega viðkvæmum svæðum.

Stjórn Byggðastofnunar hefur sett sér starfsreglur þar sem m.a. er kveðið á um að stjórnarformanni í Byggðastofnun sé óheimilt að taka að sér önnur störf fyrir stofnunina en þau sem teljast eðlilegur hluti starfa hans sem stjórnarformanns. Stjórnarmaður skal ekki taka þátt í meðferð máls er varðar viðskipti hans sjálfs, fyrirtækis sem hann á virkan eignarhlut í, situr í stjórn, er í forsvari fyrir, er starfsmaður við eða á verulegra hagsmuna að gæta í eða telst að öðru leyti innherji í, svo og varðandi samkeppnisaðila slíkra fyrirtækja. Sama gildir um þátttöku í meðferð máls sem tengist aðila sem er venslaður stjórnarmanni persónulega eða fjárhagslega. Aðalmenn og varamenn í stjórn Byggðastofnunar, eða fyrirtæki sem þeir eiga eða eru í forsvari fyrir, skulu ekki sækja um lán og/eða styrki hjá stofnuninni. Öll önnur viðskiptaerindi stjórnarmanna og/eða varamanna, og fyrirtækja sem þeir kunna að eiga eða vera í forsvari fyrir skulu lögð fyrir stjórn Byggðastofnunar.

Stjórn Byggðastofnunar hefur einnig sett siðareglur sem gilda um stjórn og starfsmenn. Siðareglur minna starfsmenn og stjórn Byggðastofnunar og aðra þá sem starfa í umboði hennar á víðtækar og strangar siðferðiskröfur sem gerðar eru til þeirra og stuðla þannig að því að efla það traust og þann trúverðuleika sem stofnuninni er nauðsynlegt að hafa.

Byggðastofnun fylgir lögum, reglum og samningum sem snerta jafnréttismál og gilda á hverjum tíma. Byggðastofnun er vinnustaður þar sem konur og karlar eru metin á eigin forsendum, hafa jafna möguleika og sömu réttindi í starfi og til starfsframa. Jafnréttisáætlun Byggðastofnunar er ætlað að stuðla að jöfnum rétti og stöðu kynjanna innan stofnunarinnar og samþættingu kynja- og jafnréttissjónarmiða í starfi og stefnumótun Byggðastofnunar. Jafnréttisáætlun Byggðastofnunar nær til allrar starfsemi Byggðastofnunar.

Árið 2018 veitti Jafnréttisstofa Byggðastofnunar heimild til að nota jafnlaunamerkið árin 2018-2021. Í því fólst staðfesting á að Byggðastofnun hafi fengið vottun á jafnlaunakerfi sínu samkvæmt jafnlaunastaðli ÍST 85:2012 og uppfyllti öll skilyrði staðalsins. Með því er staðfest að launaákvæðanir séu kerfisbundnar, að fyrir hendi sé jafnlaunakerfi samkvæmt kröfum jafnlaunastaðals og að reglubundið er fylgst með því hjá stofnuninni að starfsfólk sem vinnur sömu eða jafnverðmæt störf hafi sambærileg laun óháð kynferði.

Byggðastofnun hefur sjálfbæra þróun og vernd umhverfisins að leiðarljósi í öllu sínu starfi. Á þann hátt leggur Byggðastofnun sitt af mörkum til að mæta þörfum samtímans án þess að draga úr möguleikum komandi kynslóða til þess að mæta þörfum sínum. Umhverfis- og samfélagsstefna og framkvæmd hennar er liður í daglegu starfi Byggðastofnunar til að draga úr álagi á umhverfið, auka gæði og vekja áhuga á innra umhverfisstarfi og samfélagslegri ábyrgð. Stefnan tekur til allrar starfsemi Byggðastofnunar.

Byggðastofnun tekur þátt í verkefninu Græn skref í ríkisrekstri og hefur sett sér markmið um að uppfylla öll fimm Grænu skrefin fyrir 1. júní 2021 eins og krafa er gerð um í Loftlagsstefnu Stjórnarráðsins.

Atburðir eftir lok reikningsskilatímabils

Byggðastofnun gekk frá 2.500 milljóna króna lántöku hjá Endurlánum ríkissjóðs í ágúst 2020 byggða á lántökuheimild ársins 2020.

Framtíðarhorfur

Eiginfjárstaða stofnunarinnar er sterk og gefur henni færi á að vera öflugur bakhjarl fyrirtækja á landsbyggðunum. Ljóst er þó að þar sem efnahagsreikningur stofnunarinnar hefur stækkað ört á undanförunum árum í samræmi við aukna eftirspurn eftir útlánum hennar að eigandi stofnunarinnar mun á næstu misserum þurfa að leggja stofnuninni til aukið eigið fé svo hún geti uppfyllt eiginfjárkröfur SÍ og áfram sinnt mikilvægu hlutverki sínu í landsbyggðunum.

Skýrsla stjórnar Byggðastofnunar og forstjóra

Yfirlýsing stjórnar og forstjóra

Árshlutareikningurinn er gerður í samræmi við lög um ársreikninga og reglur um reikningsskil lánastofnana.

Samkvæmt bestu vitneskju er það álit okkar að árshlutareikningurinn gefi glögga mynd af rekstri Byggðastofnunar á tímabilinu janúar – júní 2020, eignum, skuldum og fjárhagsstöðu 30. júní 2020 og breytingu á handbæru fé á árinu.

Jafnframt er það álit okkar að árshlutareikningurinn og skýrsla stjórnar og forstjóra geymi glögg yfirlit um þróun og árangur í rekstri stofnunarinnar, stöðu hennar og lýsi helstu áhættuþáttum og óvissu sem stofnunin býr við.

Stjórn Byggðastofnunar og forstjóri hafa fjallað um árshlutareikninginn fyrir tímabilið janúar – júní 2020 og staðfesta hann með undirritun sinni.

Sauðárkróki, 28. ágúst 2020

Magnús B. Jónsson formaður

Gunnar Þorgeirsson

Halldóra K. Hauksdóttir

Heiðbrá Ólafsdóttir

Karl Björnsson

María Hjálmarsdóttir

Sigríður Jóhannesdóttir

Aðalsteinn Þorsteinsson, forstjóri

Könnunaráritun óháðs endurskoðanda

Til stjórnar og forstjóra Byggðastofnunar

Inngangur

Við höfum kannað meðfylgjandi árslutareikning Byggðastofnunar fyrir tímabilið 1. janúar til 30. júní 2020. Árslutareikningurinn hefur að geyma skýrslu stjórnar og forstjóra, rekstrarreikning, efnahagsreikning, yfirlit um sjóðstreymi og skýringar. Stjórnendur eru ábyrgir fyrir gerð og framsetningu árslutareikningsins í samræmi við lög um ársreikninga og settar reikningsskilareglur. Ábyrgð okkar felst í þeirri ályktun sem af könnun okkar leiðir.

Umfang könnunar

Könnun okkar var unnin í samræmi við alþjóðlegan staðal ISRE 2410, sem fjallar um könnun óháðs endurskoðanda á árslutareikningum. Slík könnun felur í sér fyrirspurnir, einkum til starfsmanna sem eru ábyrgir fyrir fjármálum og reikningsskilum stofnunarinnar ásamt greiningum á hinum ýmsu liðum reikningsskilanna og öðrum könnunaraðgerðum. Könnun felur ekki í sér jafn viðtækar aðgerðir og endurskoðun sem unnin er í samræmi við alþjóðlega endurskoðunarstaðla og er því ekki víst að við fáum vitneskju um öll mikilvæg atriði sem gætu komið í ljós við endurskoðun. Þar af leiðandi látum við ekki í ljós álit um endurskoðun.

Ályktun

Við könnun okkar kom ekkert fram sem bendir til annars en að meðfylgjandi árslutareikningur gefi glögga mynd af afkomu stofnunarinnar á tímabilinu, efnahag hennar 30. júní 2020 og breytingu á handbæru fé á tímabilinu, í samræmi við lög um ársreikninga og settar reikningsskilareglur.

Ábending

Án þess að setja fyrirvara við ályktun okkar viljum við vísa í skýrslu stjórnar og skýringu nr. 21, í umfjöllun um áhrif Covid-19 á rekstur og efnahag Byggðastofnunar.

Reykjavík, 28. ágúst 2020

PricewaterhouseCoopers ehf.

Arna G. Tryggvadóttir
löggiltur endurskoðandi

Rekstrarreikningur janúar - júní 2020

Allar fjárhæðir eru í þúsundum króna

		2020	2019
	Skýr.	janúar - júní	janúar - júní
Vaxtatekjur			
Vaxtatekjur af kröfum á lánastofnanir.....		3.216	43.417
Vaxtatekjur og verðbætur af útlánum.....		632.554	566.689
		<u>635.771</u>	<u>610.106</u>
Vaxtagjöld			
Vaxtagjöld og verðbætur af lántökum.....		370.207	356.924
Önnur vaxtagjöld.....		70	59
		<u>370.277</u>	<u>356.982</u>
	Hreinar vaxtatekjur	<u>265.494</u>	<u>253.123</u>
Rekstrartekjur			
Framlag ríkissjóðs skv. fjárlögum.....	6	192.650	208.500
Gengismunur.....	7	(579)	2.504
Aðrar rekstrartekjur.....	8	81.805	70.406
		<u>273.876</u>	<u>281.410</u>
	Hreinar rekstrartekjur	<u>539.370</u>	<u>534.533</u>
Rekstrargjöld			
Veitt framlög til atvinnuráðgjafa.....		103.550	104.100
Veittir aðrir styrkir.....		48.291	32.623
Laun og launatengd gjöld.....	3,4	199.841	188.763
Annar rekstrarkostnaður.....		76.902	99.665
Rekstur fullnustueigna.....	12	23.979	2.893
Afskriftir varanlegra rekstrarfjármuna.....	15	2.190	2.875
Framlög í afskriftarr. útlána o.fl.....	2,13	161.543	78.868
		<u>616.295</u>	<u>509.786</u>
	Hagnaður (tap) tímabilsins	<u>(76.925)</u>	<u>24.747</u>

Efnahagsreikningur 30. júní 2020

Allar fjárhæðir eru í þúsundum króna

		30.6.2020	31.12.2019
	<i>Skýr</i>		
Eignir			
Bankainnstæður.....	9	634.392	474.679
Útlán til viðskiptavina.....	10	15.795.676	13.850.098
Fullnustueignir.....	11	379.010	441.010
Veltuhlutabréf.....	14	609.080	585.845
Hlutdeildarfélag.....	14	679.808	682.252
Viðskiptakröfur.....		14.982	26.599
Varanlegir rekstrarfjármunir.....	15	738.683	414.975
		<hr/>	<hr/>
Eignir samtals		18.851.631	16.475.459
		<hr/>	<hr/>
Skuldir og eigið fé			
Lántökur og skuldabréfaútgáfur.....	17	15.275.843	13.014.318
Óráðstöfuð framlög.....		316.558	119.710
Aðrar skuldir.....		120.059	125.336
		<hr/>	<hr/>
Skuldir samtals		15.712.460	13.259.364
		<hr/>	<hr/>
Eigið fé			
Eigið fé.....	2,18	3.139.170	3.216.095
		<hr/>	<hr/>
Skuldir og eigið fé samtals		18.851.631	16.475.459
		<hr/>	<hr/>

Sjóðstreymi janúar - júní 2020

Allar fjárhæðir eru í þúsundum króna

	2020 janúar - júní	2019 janúar - júní
Handbært fé frá rekstri		
Hagnaður (tap) tímabilsins.....	(76.925)	24.747
Rekstrarliðir sem hafa ekki áhrif á handbært fé:		
Framlög í afskriftarr. útlána og matsbreyting hlutabréfa.....	154.073	71.833
Afskriftir rekstrarfjármuna.....	2.190	2.875
Tap (Hagnaður) af sölu varanlegra rekstrarfjármuna.....	0	0
Vextir, verðbætur og gengismunur.....	(4.834)	(24.165)
Handbært fé frá rekstri	74.505	75.290
Fjárfestingarhreyfingar		
Afborganir útlána.....	267.896	503.477
Veitt lán.....	(1.756.240)	(1.168.980)
Innleystar eignir.....	2.000	(892)
Hlutabréf.....	350	(16.940)
Varanlegir rekstrarfjármunir.....	(325.898)	(108.266)
Viðskiptakröfur.....	11.617	23.690
Fjárfestingarhreyfingar	(1.800.275)	(767.911)
Fjármögnunarhreyfingar		
Afborganir af lántökum.....	(813.284)	(629.860)
Nýjar lántökur.....	2.507.195	2.450.000
Aðrar skuldir og óráðstöfuð framlög.....	191.571	(33.049)
Fjármögnunarhreyfingar	1.885.483	1.787.093
Hækkun (lækkun) á handbæru fé	159.713	1.094.470
Handbært fé í ársbyrjun	474.679	1.102.471
Handbært fé í lok tímabilsins.....	634.392	2.196.940

Skýringar

1. Upplýsingar um stofnunina

Byggðastofnun er lánastofnun, kt. 450679-0389 og er megin starfsemi stofnunarinnar fólgin í útlánum og öðrum fjárhagslegum stuðningi auk þess að fylgjast með þróun byggðar á Íslandi. Lögheimili stofnunarinnar er að Sauðármýri 2, 550 Sauðárkróki.

2. Reikningsskilaaðferðir

Grundvöllur reikningsskilanna

Árshlutareikningurinn er gerður í samræmi við lög um ársreikninga og reglur um reikningsskil lánastofnana. Árshlutareikningurinn byggir á kostnaðarverðsreikningsskilum og er gerður eftir sömu reikningsskilaaðferðum og árið áður. Árshlutareikningurinn er í íslenskum krónum og allar fjárhæðir eru sýndar í þúsundum króna, nema þar sem annað er tilgreint.

Matsaðferðir

Stjórnendur þurfa að meta og taka sértækar ákvarðanir er varða mikilvæga liði árshlutareikningsins sem vegna eðlis síns eru háðir mati hverju sinni. Matsaðferðir stjórnenda styðjast við góða reikningsskilavenju. Raunveruleg verðmæti þeirra liða sem þannig eru metnir, geta við sölu eða aðra ráðstöfun, reynst önnur en niðurstaða samkvæmt matinu.

Verðtryggðar eignir og skuldir og eignir og skuldir í erlendum gjaldmiðlum

Áfallinn gengismunur og verðbætur á höfuðstól eigna og skulda eru færðar í árshlutareikningnum. Verðtryggðar eignir og skuldir eru færðar miðað við vísitölur sem tóku gildi 1. júlí 2020. Útlán og lántökur í erlendum gjaldmiðlum eru umreiknaðar í íslenskar krónur á síðasta skráða miðgengi Seðlabanka Íslands í lok júní 2020. Innistæður á gjaldeyrisreikningum í íslenskum bönkum eru umreiknaðar í íslenskar krónur á síðasta skráða kaupgengi viðkomandi viðskiptabanka. Gengismunur sem myndast er færður í rekstrarreikning og efnahagsreikning. Seðlabanki Íslands hætti birtingu kaup- og sölugengis þann 1. apríl 2020 og eftir það hefur Byggðastofnun miðað við miðgengi Seðlabanka Íslands í stað sölugengis.

Miðgengi Seðlabanka Íslands í lok tímabilsins:	30.06.2020	31.12.2019
USD	138,58	121,10
DKK	20,85	18,18
JPY	1,29	1,12
EUR	155,40	135,83
Kaupgengi Arion banka í lok tímabilsins:		
USD	137,72	120,62
JPY	1,27	1,11
EUR	154,86	135,42
Kaupgengi Landsbankans í lok ársins:		
EUR	154,94	135,39

Skýringar

Kaupgengi Íslandsbanka í lok ársins:

USD	137,69	120,53
JPY	1,28	1,11
EUR	154,89	135,35

Vísitölur í upphafi árs:

	1.7.2020	1.1.2020
Vísitala neysliverðs til verðtryggingar	480,1	472,8

Varanlegir rekstrarfjármunir

Varanlegir rekstrarfjármunir eru færðir til eignar á kostnaðarverði að frádregnum afskriftum. Endurbætur eru eignfærðar ef líklegt er að þær skili stofnuninni framtíðarhagnaði og hægt er að meta kostnaðinn á áreiðanlegan hátt. Allur viðhaldskostnaður er gjaldfærður í rekstrarreikning þegar til hans er stofnað. Afskriftir eru miðaðar við áætlaðan nýtingartíma einstakra varanlegra rekstrarfjármuna og reiknaðar sem fastur árlegur hundraðshluti af stofnverði, að frádregnu áætluðu hrakvirði, miðað við eignarhaldstíma á árinu.

Afskriftarreikningur útlána

Afskriftarreikningur útlána er myndaður til að mæta þeirri áhættu sem fylgir útlánastarfsemi, en hér er ekki um endanlega afskrift að ræða. Framlög í afskriftarreikning útlána eru færð til gjalda í rekstrarreikningi að frádregnum endurgreiðslum vegna áður afskrifaðra lána.

Eignarhlutir í félögum

Hlutdeildarfélög, eru félög sem stofnunin á að jafnaði 20-50% eignarhlut í. Eignarhlutir stofnunarinnar í hlutdeildarfélögum eru í upphafi færðir á kostnaðarverði og eftir upphaflega færslu samkvæmt stöðu eiginfjár viðkomandi félags út frá nýjustu upplýsingum frá þeim félögum. Eignarhlutir í öðrum félögum eru færðir á kostnaðarverði að frádreginni virðisrýrnun. Sé eignarhluti undir 20% en Byggðastofnun með aðila í stjórn félagsins þá er eignarhlutur færður miðað við stöðu eiginfjár út frá nýjustu upplýsingum frá þeim félögum þó þau séu flokkuð á meðal veltufjárbréfa. Matsbreytingar eru færðar yfir rekstrarreikning og efnahagsreikning.

Fullnustueignir

Fullnustueignir eru færðar á áætluðu söluverði. Matsbreytingar eru færðar yfir rekstrarreikning og efnahagsreikning.

Útlán

Útlán stofnunarinnar eru útlán til viðskiptavina. Þau eru upphaflega metin á gangvirði, sem er lánsfjárhæðin, auk alls kostnaðar vegna viðskiptanna. Útlán eru síðan metin á afskrifuðu kostnaðarverði. Öll viðskipti stofnunarinnar vegna fjárfestinga hennar eru skráð á viðskiptadegi sem telst sá dagur sem stofnunin hefur skuldbundið sig til viðskiptanna. Áfallnir vextir og verðbætur eru taldir með í bókfærðu virði lána. Vaxtatekjur af lánnum og kröfum eru skráðar undir liðnum „Vaxtatekjur“ í rekstrarreikningi og gengismunur undir liðnum „Gengismunur“. Niðurfærsla er byggð á mati á tapsáhættu gagnvart einstökum útlánnum. Útlán sem eru endanlega töpuð eru færð út úr bókum stofnunarinnar.

Skýringar

Viðskiptakröfur

Viðskiptakröfur eru færðar samkvæmt upphaflegu viðskiptaverði að teknu tilliti til gengisbreytinga og að frádreginni niðurfærslu sem gerð er til að mæta þeim kröfum sem kunna að tapast. Niðurfærslan er byggð á mati á tapsáhættu gagnvart hverjum skuldunaut. Kröfur sem eru endanlega tapaðar eru færðar út úr bókum stofnunarinnar.

Handbært fé

Til handbærs fjár í efnahagsreikningi og við gerð sjóðstreymis teljast bankainnstæður.

Tekjur

Tekjur eru færðar þegar verulegar líkur eru á að fjárhagslegur ávinningur þeirra renni til stofnunarinnar og þegar hægt er að meta þær með áreiðanlegum hætti.

Vaxtatekjur eru færðar í rekstrarreikning þegar þær falla til.

Arðstekjur eru færðar þegar réttur stofnunarinnar til innheimtu liggur fyrir.

Leigutekjur af útleigu fullnustueigna eru færðar samkvæmt línulegri aðferð á leigutímanum.

3. Laun og launatengd gjöld

	2020	2019
	<u>janúar - júní</u>	<u>janúar - júní</u>
Laun	149.154	142.384
Lífeyrissjóðsframlög	26.563	25.463
Tryggingagjald	10.798	10.726
Breyting á áunnu orlofi	8.766	6.199
Önnur launatengd gjöld	4.560	3.990
Laun og launatengd gjöld alls	<u>199.841</u>	<u>188.763</u>

Að meðaltali störfuðu 28 starfsmenn hjá stofnuninni á tímabilinu m.v. heilsársstörf. Þann 30. júní 2020 voru 25 starfsmenn á launaskrá hjá stofnuninni og heils dagsstöðugildi voru 25.

4. Þóknarir til stjórnar, endurskoðunarnefndar og forstjóra

Laun til stjórnar Bygðastofnunar, endurskoðunarnefndar og forstjóra greinast þannig:

	2020	2019
	<u>janúar - júní</u>	<u>janúar - júní</u>
Magnús Björn Jónsson, stjórnarformaður frá 12.04.2019	1.617	675
Illugi Gunnarsson, stjórnarformaður til 12.04.2019	0	892
Einar E. Einarsson, varaformaður stjórnar til 05.02.2019	0	192
Fjóla B. Jónsdóttir, form. endurskoðunarn. til 17.05.2019	0	205
Gunnar Þ. Sigbjörnsson, stjórnarmaður frá 25.4.18 til 30.8.19 ...	0	777
Gunnar Þorgeirsson, stjórnarmaður	801	777
Halldóra K. Hauksdóttir, varaformaður stjórnar frá 12.04.2019 ..	801	335
Heiðbrá Ólafsdóttir, (varamaður)	69	0

Skýringar

Karl Björnsson, stjórnarmaður	801	777
Kristbjörg H. Kristbergisdóttir, endurskoðunarn. frá 22.05.20	51	0
María Hjálmsdóttir, stjórnarmaður frá 25.04.2018	801	777
Ólafur V. Sigurbergsson, endurskoðunarnefnd til 22.05.2020	190	233
Ragna Hjartardóttir form. endurskoðunarn. frá 17.05.2019	279	68
Sigríður Jóhannesdóttir, stjórn og endurskoðunarnefnd	1.042	932
Unnar Hermannsson, stjórnarmaður frá 16.04.2020	345	0
Aðalsteinn Þorsteinsson, forstjóri	8.526	8.142
Póknanir til stjórnar, endurskoðunarn. og forstjóra samtals	15.324	14.782

5. Póknanir endurskoðenda

Póknanir endurskoðenda greinast þannig:

	2020	2019
	janúar - júní	janúar - júní
Endurskoðun ársreiknings og könnun árshlutauppgjörs	4.115	3.801
Önnur sérfræðiþjónusta/innri endurskoðun	1.568	480
Póknanir endurskoðenda samtals	5.683	4.281

6. Framlag ríkissjóðs skv. fjárlögum og annað framlag ríkissjóðs

	2020	2019
	janúar - júní	janúar - júní
Framlag skv. fjárlögum		
Almennur rekstur	87.850	89.400
Tímabundið framlag vegna versnandi stöðu minnkaræktar	0	15.000
Atvinnuráðgjafar á landsbyggðinni	104.800	104.100
Framlag ríkissjóðs skv. fjárlögum	192.650	208.500

Framlög ríkissjóðs sem fara í gegnum efnahagsreikning

	janúar - júní	janúar - júní
Framlag ríkissjóðs v. Brothættra byggða	200.000	0
Framlag ríkissjóðs v. Sértekra verk. sóknaráætlunarsvæða	145.000	140.000
Annað framlag ríkissjóðs samtals	345.000	140.000

Veittir styrkir af framlagi ríkissjóðs sem fara í gegnum efnahagsreikning.

	janúar - júní	janúar - júní
Styrkur v. Byggðarannsóknasjóðs	5.850	3.495
Styrkir v. Sértekra verkefna sóknaráætlunarsvæða	96.550	127.250
Veittir styrkir alls	102.400	130.745

Óúthlutaðir styrkir vegna annars framlags ríkissjóðs eru færðir á efnahagsreikning.

Kostnaður Byggðastofnunar vegna verkefnisins „Brothætta byggðir“ nam 56.752 þúsund krónum á árinu og er færður í rekstrarreikning. Tekjur námu 56.752 þúsund krónum og eru færðar meðal annarra rekstrartekna.

Skýringar

7. Gengismunur

	2020	2019
	<u>janúar - júní</u>	<u>janúar - júní</u>
Gengismunur af útlánnum	340.199	172.732
Gengismunur af gjaldeyrisreikningum og kröfum	86.366	39.800
Gengismunur af lántökum	(427.144)	(210.029)
	<u>(579)</u>	<u>2.504</u>

8. Aðrar rekstrartekjur

	2020	2019
	<u>janúar - júní</u>	<u>janúar - júní</u>
Endurgreiddur kostnaður vegna Brothættra byggða	56.752	43.396
Endurgreiddur ýmiss útlagður kostnaður	21.033	18.367
Tekjur vegna rekstrarfjármuna	1.092	748
Arður af hlutabréfum	0	5.953
Innheimtutekjur	907	524
Annað	2.020	1.417
	<u>81.805</u>	<u>70.406</u>

9. Bankainnstæður

	30.6.2020	31.12.2019
Bankainnstæður í íslenskum krónum	430.735	267.444
Bankainnstæður í erlendra mynt	203.657	207.235
Bankainnstæður samtals	<u>634.392</u>	<u>474.679</u>

10. Útlán til viðskiptavina

	30.6.2020	31.12.2019
Sundurliðun eftir myntum		
Útlán í íslenskum krónum	14.255.679	12.489.677
Útlán í erlendum myntum	2.899.217	2.643.456
Afskriftarreikningur útlána	(1.359.220)	(1.283.035)
	<u>15.795.676</u>	<u>13.850.098</u>

	30.6.2020	31.12.2019
Sundurliðað eftir lántakendum:		
Bæjar- og sveitarfélög	0,00%	0,00%
Einstaklingar	30,00%	31,14%

	30.6.2020	31.12.2019
Sundurliðað eftir atvinnugreinum:		
Þjónustustarfsemi	36,42%	36,69%
Sjávarútvegur	13,41%	13,09%
Iðnaður	6,45%	6,63%
Landbúnaður	13,72%	12,46%
Fjármálastofnanir	0,00%	0,00%
	<u>100%</u>	<u>100%</u>

Skýringar

Útlán með áföllnum vöxtum greinast þannig eftir eftirstöðvatíma:

	30.6.2020	31.12.2019
Gjaldkræfar kröfur	189.485	113.946
Allt að 3 mánuðum	329.747	188.958
Yfir 3 mán. og allt að 1 ári	843.479	856.245
Yfir 1 ár og allt að 5 árum	4.529.062	3.990.553
Yfir 5 ár	9.903.904	8.700.396
	<u>15.795.676</u>	<u>13.850.098</u>

11. Fullnustueignir

	30.6.2020	31.12.2019
Fasteignir	379.010	441.010
Skip	0	0
	<u>379.010</u>	<u>441.010</u>

	F. mat	Stærð m²
Eyrarland 1, Hvammstanga	9.270	159,2
Grænigarður, Ísafirði	78.017	1.366,7
Mön, Skeiða- og Gnúpverjahreppi	138.250	6.308,7
Nesbraut 7, Reyðarfirði	38.000	722,4
Pálsbergsgata 3 og 5, Ólafsfirði	42.230	1.851,4
Sandhorn, Hrísey	23.850	832,7
Sólvellir 23, Breiðdalsvík	90.057	2.081,6
Strandarvegur 29-33, 29R, Seyðisfirði	13.150	601,0
Strandgata 37, Tálknafirði	13.500	456,1
Valgerðarstaðir 4, Fljótshéraði	144.350	5.148,3
	<u>590.674</u>	<u>19.528,1</u>

Fullnustueignir eru bókfærðar í ársreikningi á 379.010 þúsund krónur.

	2020	2019
	janúar - júní	janúar - júní
Fjöldi fullnustueigna í eigu Byggðastofnunar í ársbyrjun	11	10
Fullnustueignir innleystar til fullnustu krafna á árinu	0	1
Fullnustueignir seldar á árinu	(1)	0
Fullnustueignir í eigu Byggðastofnunar í lok tímabilsins	<u>10</u>	<u>11</u>

12. Rekstur fullnustueigna

	2020	2019
	janúar - júní	janúar - júní
Leigutekjur	13.776	13.233
Rekstrarkostnaður	37.754	16.125
	<u>(23.979)</u>	<u>(2.893)</u>

Skýringar

13. Afskriftarreikningur

Hreyfingar í þúsundum króna:

Í gegnum framlög í afskriftarreikning skv. rekstrarreikningi fara framlög í afskriftarreikning útlána og viðskiptakrafna auk matsbreytingar hlutafjár og fullnustueigna. Afskriftarreikningur útlána skiptist í sérstakan afskriftarreikning og almennan afskriftarreikning. Undir sérstakan afskriftarreikning útlána falla lántakar með vanskil umfram 3 mánuði auk lántakenda sem metnir eru með verulega tapshættu. Afskriftarreikningur útlána sundurliðast þannig:

	Sérstakur afskr.reikn.	Almennur afskr.reikn.	Samtals
Afskriftarreikningur útlána 2020			
Staðan 1. janúar	411.754	871.281	1.283.035
Framlög á árinu	(415)	158.498	158.084
Endanlega töpuð útlán	(81.899)	0	(81.899)
Staða 30. júní	<u>329.440</u>	<u>1.029.779</u>	<u>1.359.220</u>
Afskriftarreikn, útlána í hlutfalli af útlánnum ...	1,92%	6,00%	7,92%

	Sérstakur afskr.reikn.	Almennur afskr.reikn.	Samtals
Afskriftarreikningur útlána 2019			
Staðan 1. janúar	368.721	773.124	1.141.845
Framlög á árinu	102.201	22.656	124.857
Endanlega töpuð útlán	(13.283)	0	(13.283)
Staða 30. júní	<u>457.638</u>	<u>795.781</u>	<u>1.253.419</u>
Afskriftarreikn, útlána í hlutfalli af útlánnum ...	2,72%	5,76%	8,48%

	2020 janúar - júní	2019 janúar - júní
Framlag á árinu	158.084	124.857
Framlag vegna viðskiptakrafna	600	0
Endurmat fullnustueigna	24.000	(15.500)
Matsverðsbreyting á hlutum í hlutdeildarfélagum	(1.369)	(14.841)
Matsverðsbreyting á veltufjárbréfum	(19.772)	(15.649)
Framlög í afskriftarreikning skv. rekstrarreikningi	<u>161.543</u>	<u>78.868</u>

Skýringar

14. Hlutafjäreign

Í lok ársins átti Byggðastofnun eftirtalin hlutabréf sem greinast þannig eftir nafnverði og eignarhluta:

Hlutdeildarfélag, eignarhlutur > 20%	Eignarhluti	Nafnverð
Ámundakinn ehf.	20,24%	43.815
Dýralíf ehf.	33,81%	4.000
Eignarhaldsfélag Suðurlands hf.	40,00%	109.142
Fasteignafélagið Hvammur ehf.	24,85%	16.919
Fasteignafélagið Kirkjuból ehf.	30,00%	7.124
Fjallalamb hf.	21,26%	27.344
Fjárfestingafélagið Vör hf.	40,00%	49.757
Hvetjandi ehf.	40,16%	100.448
Molta ehf.	30,00%	50.000
Nes-Listamiðstöð ehf.	35,71%	5.000
Raflagnir Austurlands ehf.	22,37%	3.600
Ullarvinnsla Frú Láru ehf.	29,76%	2.500
Útgerðarfélagið Skúli ehf.	30,01%	24.274
Þörungaverksmiðjan hf.	27,67%	7.919
Hlutdeildarfélag, samtals nafnverð		451.843
Veltufjárbréf, eignarhlutur ≤ 20%	Eignarhluti	Nafnverð
Ásgarður hf.	13,78%	15.000
Borg, saumastofa ehf.	19,82%	170
Eignarhaldsfélag Suðurnesja hf.	19,03%	96.840
Fánasmiðjan ehf.	9,95%	4.167
Fiskvinnslan Drangur ehf.	4,08%	1.000
Grand hótél Mývatn ehf.	7,22%	10.000
Hótél Flúðir hf.	4,77%	1.194
Hótél Varmahlíð hf.	13,04%	3.000
Hvalamiðstöðin Húsavík ehf.	19,70%	2.000
Hæðin á Höfðabraut ehf.	12,28%	2.000
P/F Smyril-line (1.868 þús. DKK)	1,67%	38.960
Samkaup hf.	2,84%	10.801
Snorri Þorfinnsson ehf.	19,89%	12.000
Tröllasteinn ehf.	19,72%	7.000
Vilko ehf.	18,05%	21.555
Yrkjar ehf.	6,21%	1.800
Þórsberg ehf.	16,69%	30.191
Veltufjárbréf, samtals nafnverð		257.677
Hlutafjäreign, samtals nafnverð		709.521

Hlutabréf í hlutdeildarfélagum eru bókfærð í ársreikningi á 679.808 þúsund krónur og veltufjárbréf eru bókfærð á 609.080 þúsund krónur. Verðmæti hlutabréfa sem hefur verið aflað í tengslum við fjárhagslega endurskipulagningu nema 649.513 þúsundir króna.

Skýringar

15. Varanlegir rekstrarfjármunir

Varanlegir rekstrarfjármunir greinast þannig:

	Fasteignir	Bifreiðar	Húsgögn, innr. og tæki	Samtals
Stofnverð 1/1	413.114	19.889	0	433.003
Afskrifað alls 1/1	(6.237)	(11.790)	0	(18.027)
Bókfært verð 1/1	406.876	8.099	0	414.975
Viðbót á árinu	323.700	0	2.198	325.898
Afskrifað á árinu	(165)	(1.989)	(37)	(2.190)
Bókfært verð 30/6	730.412	6.110	2.161	738.683
Stofnverð alls 30/6	736.814	19.889	2.198	758.901
Afskrifað alls 30/6	(6.402)	(13.779)	(37)	(20.218)
Bókfært verð 30/6	730.412	6.110	2.161	738.683
Afskriftarhlutföll	2%	20%	20%	

Fasteignir stofnunarinnar eru metnar með eftirgreindum hætti. Til samanburðar er bókfært verð eignanna.

	Fasteignamat	Brunabótamat	Bókfært verð
Háahlíð 4, Sauðárkróki	46.900	80.150	10.053
Sauðármýri 2, Sauðárkróki	158.510	0	720.359
	205.410	80.150	730.412

16. Eignir og skuldir tengdar erlendum gjaldmiðlum og verðtryggingu

Erlent:	30.6.2020	31.12.2019
Eignir í erlendum gjaldmiðlum	2.768.192	2.539.883
Skuldir í erlendum gjaldmiðlum	2.996.448	2.548.361
Nettó staða erlendra eigna og skulda	(228.256)	(8.478)
Verðtryggt:		
Verðtryggðar eignir	11.489.059	9.838.762
Verðtryggðar skuldir	10.261.472	10.465.957
Nettó staða verðtryggðra eigna og skulda	1.227.587	(627.195)

Tekið hefur verið tillit til niðurfærslu eigna.

Skýringar

Erlendar eignir og skuldir skiptast þannig eftir gjaldmiðlum:

30.6.2020	USD	JPY	EUR	Samtals
Útlán	505.164	398.110	1.661.260	2.564.535
Handbært fé	102.815	21.172	79.671	203.657
Eignir samtals	607.979	419.282	1.740.930	2.768.192
Lántökur	668.891	442.386	1.885.170	2.996.448
Nettó staða	(60.912)	(23.104)	(144.240)	(228.256)
31.12.2019	USD	JPY	EUR	Samtals
Útlán	458.624	458.120	1.415.904	2.332.648
Handbært fé	150.866	56.374	(5)	207.235
Eignir samtals	609.489	514.494	1.415.899	2.539.883
Lántökur	640.305	567.810	1.340.246	2.548.361
Nettó staða	(30.816)	(53.315)	75.653	(8.478)

Tekið hefur verið tillit til niðurfærslu eigna.

17. Lántökur og skuldabréfaútgáfur

Sundurliðun eftir tegund	30.6.2020	31.12.2019
Verðtryggðar skuldabréfaútgáfur	10.261.472	10.465.957
Óverðtryggðar lántökur	2.017.924	0
Erlendar lántökur og lántökur í erl. myntum	2.996.448	2.548.361
	15.275.843	13.014.318

Lántökur sundurliðast þannig eftir eftirstöðvatíma:

	30.6.2020	31.12.2019
Gjaldkræft	0	0
Allt að 3 mánuðum	375.270	273.857
Yfir 3 mán. og allt að 1 ári	1.385.266	1.266.015
Yfir 1 ár og allt að 5 árum	6.215.150	5.116.874
Yfir 5 ár	7.300.157	6.357.573
	15.275.843	13.014.318

Skýringar

Lántökur skiptast þannig eftir mynt:

	Greiðslu- skilmálar	Loka- gjaldddagi	Vaxtakjör	30.6.2020	31.12.2019
ISK	Jafnar gr.	2030-2034	1,96-5,0% verðtr.	10.261.472	10.465.957
ISK óvtr	Jafnar gr.	2035	2,7-3,75% óvtr.	2.017.924	0
USD ..	Jafnar afb.	2025	Libor +1,5%	668.891	640.305
JPY ...	Jafnar afb.	2023	Libor +1,5%	442.386	567.810
EUR ..	Jafnar afb.	2021-2025	Euribor +0,2-1,45%	1.885.170	1.340.246
				<u>15.275.843</u>	<u>13.014.318</u>

18. Eigið fé

Samkvæmt 84. gr. laga nr. 161/2002 um fjármálafyrirtæki skal eiginfjárgrunnur í heild nema að lágmarki 8% af áhættugrunni, en í lok júní 2020 var eiginfjárlutfall stofnunarinnar 20,02%. Fjármálaeftirliti Seðlabanka Íslands hefur ákveðið í samræmi við heimildir sínar, samkvæmt 1. og 2. mgr. 86. gr. d laga um fjármálafyrirtæki, sveiflujöfnunarauka fyrir stofnunina auk verndunarauka skv. 86 gr. e sömu laga. Samanlögð krafa um eiginfjárauka er 2,50%. Skv. ákvörðun FME skal Byggðastofnun viðhalda 2,5% verndunarauka frá og með 19. mars 2020. Samanlögð eiginfjárkrafa verður því frá þeim tíma 10,50%

Frá og með 1. janúar 2020 gildir á Íslandi ákvæði 501. gr. reglugerðar (ESB) nr. 575/2013, sem kveður á um svonefndan afslátt vegna áhættuskuldbindinga lítilla og meðalstórra fyrirtækja (e. SME factor), sbr. 3. mgr. 92. gr. reglugerðar nr. 233/2017. Án afsláttarins hefði eiginfjárlutfallið verið 16,98%

	15.5.2019	1.2.2020	19.3.2020
Lögbundin krafa um eiginfjárlutfall	8,00%	8,00%	8,00%
Sveiflujöfnunarauki	1,75%	2,00%	0,00%
Verndunarauki	<u>2,50%</u>	<u>2,50%</u>	<u>2,50%</u>
Samantölögð krafa um eiginfjárauka	<u>4,25%</u>	<u>4,50%</u>	<u>2,50%</u>
Samanlögð eiginfjárkrafa	<u>12,25%</u>	<u>12,50%</u>	<u>10,50%</u>

Eigið fé og eiginfjárlutfall samkvæmt eiginfjárákvæðum laga nr. 161/2002 um fjármálafyrirtæki

	30.6.2020	31.12.2019
Staða eigin fjárs í upphafi árs	<u>3.216.095</u>	<u>3.120.680</u>
Hagnaður (tap) tímabilsins	(76.925)	95.415
Eigið fé í lok tímabils	<u>3.139.170</u>	<u>3.216.095</u>
Gangvirðisbreyting fjáreigna og fjárskulda	(11.550)	(11.734)
Eiginfjárgrunnur í lok tímabils	<u>3.127.620</u>	<u>3.204.361</u>
Útlánaáhætta	13.524.946	14.331.108
Markaðsáhætta	106.460	302.361
Rekstraráhætta	<u>2.009.515</u>	<u>2.009.515</u>
Áhættugrunnur	<u>15.640.922</u>	<u>16.642.984</u>
Eiginfjárlutfall	<u>20,00%</u>	<u>19,25%</u>

Skýringar

19. Ábyrgðir og skuldbindingar

Byggðastofnun var ekki í neinum ábyrgðum gagnvart þriðja aðila þann 30. júní 2020. Í lok júní voru 63 lánsloforð að fjárhæð 2.567 milljónir króna óafgreidd. Samkvæmt reglum Byggðastofnun falla lánsloforð niður 12 mánuðum frá því þau eru samþykkt.

20. Önnur mál

Stjórn Byggðastofnunar, lykilstjórnendur og hlutdeildarfélag eru skilgreind sem tengdir aðilar auk náinna fjölskyldumeðlima framangreindra og lögaðila undir yfirráðum þeirra. Engin óvenjuleg viðskipti áttu sér stað við tengda aðila á árinu. Engar ábyrgðir hafa verið veittar tengdum aðilum vegna viðskiptaskulda eða viðskiptakrafna.

Útlán til tengdra aðila þann 30. júní 2020 voru 332.753 þús.kr. og vanskil voru 5.649 þús.kr.

Laun stjórnar, endurskoðunarnefndar og forstjóra er getið í skýringu 4.

21. Áhrif COVID-19 á rekstur og efnahag Byggðastofnunar

Áhrif COVID-19 á rekstur Byggðastofnunar hafa að mestu komið fram í fjölda beiðna um frestun greiðslna á lánum viðskiptavina hennar. Stofnunin er þátttakandi í samkomulagi viðskiptabanka, lánastofnana og lífeyrissjóða um tímabundna greiðslufresti á lánum fyrirtækja vegna heimsfaraldurs COVID-19 og gildir það til 30. september 2020. Það felur í sér að greiðslufrestir vegna áhrifa COVID-19 verði veittir til áramóta að hámarki.

Á tímabilinu janúar – júní voru skráðar 96 beiðnir um greiðslufresti vegna áhrifa COVID-19. Kemur langmestur fjöldi þeirra frá aðilum í ferðaþjónustu og öðrum þjónustuaðilum. Ljóst er að áhrifin eru enn að koma fram og munu áfram hafa áhrif á sjóðstreymi stofnunarinnar. Stjórnvöld og Seðlabankinn hafa komið fram með fjölmargar aðgerðir til að vinna gegn neikvæðum efnahagslegum áhrifum faraldursins en mikil óvissa er enn um þróun faraldursins og hvenær verður endanlega hægt að létta af öllum takmörkunum sem til komnar eru vegna hans.